



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

20. fundur stjórnar 2024-2025 föstudaginn 14. mars 2025

kl. 11.00 - 13.00 í Borgartúni 27 og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Zophonías Oddur Jónsson. Á Teams: Eyja Margrét Jóhannu Brynjarsdóttir, Guðný Björk Eydal, Hermína Gunnþórsdóttir og Þóroddur Bjarnason.

Forföll: Ólafur Páll Jónsson.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 19. stjórnarfundar frá 14. febrúar 2025 lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)
2. Staðan í kjaramálum.
3. Aðalfundur FPR.
4. Næsti fundur.
5. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 11.10.

- 1. Fundargerð 19. stjórnarfundar frá 14. febrúar 2025 lögð fram til afgreiðslu.** (Fskj. 1)
Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

- 2. Staðan í kjaramálum.**

Sigrún sagði frá fundi hjá ríkissáttasemjara fyrr um morguninn sem skilaði ekki áþreifanlegum árangri en samtalið heldur áfram 21. mars.

Hermína kom inn á fundinn kl. 11.22.

Umræða var um mögulegar útfærslur á aðgerðum og kynningu á þeim meðal félagsfólks. Ákveðið var að senda félögum póst með upplýsingum um stöðu mála.

- 3. Aðalfundur FPR.**

Eins og samþykkt var á síðasta fundi verður aðalfundur félagsins 13. maí kl. 14-17 í húsnæði HÍ í Odda 101 og á Teams. Aðalfundarboð var sent félagsfólki þann 10. mars. Kjörnefnd hefur hafið störf. Kosið verður í eftirtalin embætti í stjórn félagsins til tveggja ára: Formann og þrjá meðstjórnendur. Einnig verður kosið um tvo skoðunarmenn reikninga til eins árs. Framboð þurfa að berast í síðasta lagi 1. apríl. Farið var yfir ýmis mál sem þarf að afgreiða fyrir aðalfundinn eins og fundarstjórn og fleira.

Þóroddur vék af fundi kl. 12.03.

4. Næsti fundur.

Næsti fundur verður föstudaginn 21. mars á Teams.

5. Önnur mál.

a) Erindi frá HA um tilnefningu í siðanefnd HA. (Fskj. 2)

Erindi barst frá HA þann 4. mars sl. um tilnefningu í siðanefnd skólans vegna vanhæfis nefndarmanns í ákveðnu máli. Óskað var eftir tilnefningu eigi síðar en 11. mars. Málið var afgreitt á milli funda í tölvupósti og var samþykkt að tilnefna Eyju Margréti Jóhönnu Brynjarsdóttur í nefndina.

b) Umsögn FPR um tillögu að breytingum á reglum um ótímabundna ráðningu. (Fskj. 3)

Á síðasta fundi var tekið fyrir erindi frá HÍ varðandi tillögu að breytingum á reglum um ótímabundna ráðningu. Stjórn fór yfir tillögurnar og sendi í kjölfarið inn umsögn þann 3. mars.

c) Fundarröð FPR með rektorsframbjóðendum við HÍ.

Fundir FPR með hverjum og einum frambjóðenda til rektors HÍ dagana 19. og 24. febrúar gengu vel og einnig sameiginlegi fundur félagsins með Félagi háskólakennara (Fh) þann 6. mars. Fundirnir voru í Odda og á Teams. Þá var fundur með einum frambjóðanda til viðbótar þann 12. mars á Teams en viðkomandi starfar í Ástralíu. Stjórn FPR og félagsfólki var boðið á þann fund ásamt stjórn Fh.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12.25.

Fundarritari: LÞ.